

M-2/2018. Álit 26. júní 2018.

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 26. júní 2018 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-2/2018.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 9. janúar 2018 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á sófa af Y, hér eftir nefndur seljandi. Álitsbeiðandi telur að sófinn sé haldinn galla og krefst endurgreiðslu.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 10. janúar 2018, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og var tveggja vikna frestur veittur til að skila þeim. Seljandi nýtti sér ekki þá heimild. Nefndinni bárust ekki frekari athugasemdir. Með bréfi, dags. 25. júní 2018, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi festi kaup á sófa af gerðinni Torso af seljanda þann 20. september 2016 fyrir 149.925 krónur. Mjög fljótlega eftir kaupin fóru að sögn álitsbeiðanda að myndast för í sófanum eftir setu í honum og myndaðist í kjölfarið bil á milli pullanna í sófanum. Þar sem bilin milli pullanna voru dýpst var setið á trébita í grind sófans en ekki á pullunni að sögn álitsbeiðanda. Einnig var rennurauf fyrir hjól á svefneiningu sófans léleg að sögn álitsbeiðanda og dettur rennuraufin í sífellu úr brautinni sem hún er dregin eftir þegar svefneiningin er dregin úr sófanum. Varð það þess valdandi að sófadýnan og lak á henni rifnuðu illa þegar verið var að draga svefneininguna út.

Álitsbeiðandi hafði samband við seljanda um mánuði eftir afhendingu sófans og óskaði eftir úrbótum. Að sögn álitsbeiðanda viðurkenndi seljandi að galli væri í límingu sófans og skipti út grunneiningum sófans sem setið er í og rúmeiningunni. Seljandi gerði þó ekki við rennuraufina fyrir hjólin á svefneiningunni svo enn í dag þarf sérstök handtök til að draga svefnsófann út.

Skömmu eftir að nýju einingunum var komið fyrir byrjaði áklæði og efni þeirra einnig að mótast eftir setu- og legusvæðum og hafði álitsbeiðandi því aftur samband við seljanda. Að sögn álitsbeiðanda fékk hún þær upplýsingar að seljandi panti ekki aðrar einingar til úrbóta í slíkum tilfellum heldur yrðu úrbæturnar í formi vals á nýjum sófa. Ætlaði starfsmaður seljanda að koma á heimili álitsbeiðanda og skoða sófann en eftir nokkurra vikna bið hringdi starfsmaður seljanda í álitsbeiðanda og tilkynnti henni að engar úrbætur yrðu gerðar. Að sögn álitsbeiðanda sagði starfsmaðurinn að þessi sófi sé þannig að „ekki eigi að sitja mikið í honum og sitja þurfi í honum á vissum stöðum á ákveðinn hátt. Sófinn ætti ekki að vera notaður í einkahúsum heldur sé mikið notaður í Airbnb húsnæðum.“ Þá benti seljandi á að sófinn sé ódýr og að kaupanda ætti að vera ljóst þegar sófinn er skoðaður fyrir kaupin að hann sé ekki vandaður.

Álitsbeiðandi telur að sófinn sé haldinn galla og krefst þess að fá sófann endurgreiddan að fullu. Kveðst álitsbeiðandi ekki hafa áhuga um val á öðrum sófa vegna þeirrar þjónustu sem seljandi hefur veitt hingað til.

IV

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álotsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Líkt og að framan greinir krefst álotsbeiðandi þess að seljandi endurgreiði sér kaupverð sófans sem hún keypti af seljanda þann 20. september 2016 þar sem álotsbeiðandi telur að sófinn sé haldinn galla.

Um galla er fjallað í 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.). Í a-lið 1. mgr. 16. gr. segir að söluhlutur teljist gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram komi í 15. gr. Í 1. mgr. 15. gr. segir að söluhlutur skuli fullnægja þeim kröfum sem leiðir af samningi hvað varðar tegund, magn, gæði, aðra eiginleika og innpökkun. Þá segir í 2. mgr. 15. gr. að söluhlutur skuli henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru notaðir til, sbr. a-liður, og hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut hvað varðar endingu og annað, sbr. b-liður ákvæðisins.

Seljandi hefur ekki sent inn andsvör til kærunefndarinnar og verður því að leggja frásögn álotsbeiðanda auk framlagðra gagna í málinu til grundvallar við úrlausn þess. Þrátt fyrir að sófi álotsbeiðanda hafi verið nokkuð ódýr, en hann var keyptur á 149.925 krónur, mátti álotsbeiðandi réttilega gera þá kröfu að sófinn myndi endast lengur en raun bar vitni, í um það bil mánuð. Að áliti kærunefndarinnar var sófinn því haldinn galla þegar hann var afhentur álotsbeiðanda í upphafi. Seljandi bætti úr þeim galla að mestu en að sögn álotsbeiðanda komu sömu gallar fram á ný fljótlega eftir að seljandi hafði gert við sófann.

Samkvæmt 26. gr. nkpl. getur neytandi gripið til tilekinna úrræða ef söluhlutur er gallaður og gallinn er hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða. Þar á meðal er í b-lið 1. mgr. 26. gr. mælt fyrir um val neytanda um úrbætur eða nýja afhendingu, sbr. 29. og 30. gr. nkpl. Þá getur neytandi krafist riftunar samkvæmt 32. gr. laganna eða skaðabóta samkvæmt 33. gr. nkpl. Álotsbeiðandi hefur krafist endurgreiðslu á kaupverði sófans en ekki liggur fyrir hvort álotsbeiðandi ætli sér að skila sófanum til seljanda í samræmi við riftunarákvæði 32. gr. nkpl. Verður því að líta á kröfu álotsbeiðanda sem skaðabótakröfu í skilningi 33. gr. laganna.

Kærunefndin álítur að álotsbeiðandi eigi rétt á skaðabótum vegna þess galla sem sófinn er haldinn. Þó verður að líta til þess að álotsbeiðandi hefur haft sófann til afnota að mestu leyti frá því hann var keyptur þann 20. september árið 2016. Verður ekki séð að galli sófans valdi því að hann sé ónothæfur þó gallinn hafi vissulega þónokkur áhrif á notagildi hans. Álítur kærunefndin að skaðabætur til álotsbeiðanda vegna gallans séu hæfilega ákveðnar 50.000 krónur.

V

Álitsorð

Seljanda, Y, ber að greiða álotsbeiðanda, X, skaðabætur að fjárhæð 50.000 krónur.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hrannar Már Gunnarsson